

Ed.

557. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um útsvör.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. 7. málsgr. Aftan við málsgreinina bætist: nema annað sje tekið fram.
2. Við 2. gr. Fyrir »Reikningsár sveita er almanaksárið« komi: Reikningsár hreppa er fardagaárið, en kaupstaða almanaksárið.
3. Við 6. gr. I. tölulið. Orðin »að minsta kosti 5 króna« falli niður.
4. Við 10. gr. Fyrir » $\frac{1}{3}$ hluta« í niðurlagi fyrri málsgreinar komi: helming.
5. Við 22. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.
6. Við 26. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
7. Við 27. gr. 1. málsgr. Fyrir »15. júli« og »15. október« i upphafi greinararinnar komi: 15. apríl og 15. júní.
8. Við 32. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist eftir því.